

AUGLÝSING um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag á landi Nýjabæjar, land nr. 202077, í Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 10. apríl 2007 deiliskipulag lóðar fyrir íbúðarhús og húsnæði tengt landbúnaði, á landi Nýjabæjar í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:5000 þann 11. desember 2006 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 4. apríl til og með 16. maí 2007.

Uppdráttur og greinargerð vegna tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Selfossi, 26. júní 2007.

Bárður Guðmundsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 10. júlí 2007